

7. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 20. febrúar 2024

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

- Málefni kirkjupings og biskupsstofu
 - Inn á fund nefndarinnar komu Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofustjóri biskupsstofu, og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjupings.
 - DH gerði grein fyrir undirbúningi þinglotu kirkjupings í mars.
 - Rætt var um fyrirkomulag tilnefninga og kosningu biskups.
 - RÁ gerði grein fyrir undirbúningi kirkjudaga.
 - Rætt var um húsaleigu á prestbústöðum.
- Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar
 - BG og RV gerðu grein fyrir viðræðum við leigusala um leigu á framtíðarhúsnæði undir þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar.
 - Kynnti BG drög að leigusamningi.
 - Ákveðið að BG og RÁ sjái um að kynna ákvörðunina og fyrirkomulag flutninga.
 - BG falið að undirrita leigusamning.
- Desjamýri
 - BG kynnti verðmat fasteignasala á jörðinni Desjamýri.
 - Ákveðið að afla nýs verðmats.
- Önnur mál
 - [Fært í trúnaðarbók]
 - BG gerði grein fyrir girðingar- og landamerkjámálum á Breiðabólstað. Lögmanni rekstrarstofu falið að vinna málið áfram.
 - AG benti á að gera verði kröfu um skaðabætur eða afslátt vegna þjónustu Advania við biskupskosningar.

RÁ og DH véku af fundinum.

- Ákveðið að formaður framkvæmdanefndar og framkvæmdastjóri rekstrarstofu kanni þá kosti sem í boði eru fyrir móttökuhúsnæði biskups.
- Fundargerðir.
 - Fundargerð 6. fundar frá 6. febrúar 2024 lesin upp og samþykkt samhljóða.
 - Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða

Næsti fundur ákveðinn 5. mars 2024 kl. 9:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.